



Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 84. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á
fjarfundi,
12. maí 2020, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Árni Pétur Hilmarsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga,
Sandra Brá Jóhannsdóttir, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,
Fanneý Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Formaður fer yfir mál af vettvangi stjórnar.

Formaður fer yfir fundargerð frá síðasta stjórnarfundi. Framkvæmdastjóra og formanni svæðisráðs falið að vinna minnisblað um næstu skref í vinnuferli Vonarskarðs fyrir næsta fund. Formaður stjórnar leggur til að stjórn og svæðisráð haldi vinnufund samhliða fundi stjórnar og svæðisráðs 30. júní í Hrauneyjum. Farið yfir mannauðsmál og framkvæmdir sem framundan eru, rekstrarmál, fundaráætlun o.fl.

2. Vestursvæði - Vonarskarð, næstu skref, verkefni svæðisráðs - 1907014

Umsagnir vegna Vonarskarðs

Búið að framlengja umsagnarfrestinn, umsóknir enn að berast, 15 komnar. Einnig búið að kalla eftir umsögnum og athugasemdum frá almenningi.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun VJP 2020 - 2023 - 1909029

Endurskoðun á Stjórnunar- og verndaráætlun. Önnur umræða. Vegflokkingun og fleira.

Farið yfir fyrirliggjandi skjal og gerðar breytingar eftir þörfum. Skáli við Sylgjufell, ekki með lóðarafmörkun. Þjóðgarðsverði falið að senda fyrirspurn til Ásahrepps um stöðu málsins. Ákveðið að athuga betur vegamál á Tungnaáröræfum. Gögn til um þau frá fyrri stigum, berist þjóðgarðsverði fyrir næsta fund. Ingibjörg bendir á að ástæða sé til að fara varlega við stikun gönguleiða í gljúpum jarðvegi.

4. Vestursvæði - Skýrsla þjóðgarðsvarðar - 1912003

Þjóðgarðsvörður fer yfir áherslur í starfsemi sumarsins, framkvæmdir o.fl.

Fundargerð ritaði: Fanneý Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.
Fundir slitið kl. 1400.